

Siglufirði, 10. apríl 2015.

Ágæti stofnfjáreigandi

Í samræmi við bréf dagsett 30. mars 2015 þá boðaði stjórn Afl sparisjóðs ses til fundar með stofnfjáreigendum sjóðsins föstudaginn 17. apríl 2015 kl. 10.30 árdegis að Aðalgötu 34, Siglufirði, á starfsstöð sjóðsins. Stjórn vill benda á að fundarstaður hefur breyst og er nú Aðalgata 30, 580 Siglufjörður (salur Allans).

Meðfylgjandi þessu ítrekaða fundarboði er greinargerð stjórnar um rekstur og efnahag sjóðsins ásamt tillögum til fundar stofnfjáreigenda.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Stjórn kynnir greinargerð sína til stofnfjáreigenda um rekstur og efnahag Afls sparisjóðs ses.
2. Breytingar á samþykktum sjóðsins.
Lagt er til að breytingar verði gerðar á 1.mgr 5.gr samþykktu sjóðsins þannig að síðari tveir málslíðir greinarinnar verði felldir brott og greinin verði svohljóðandi: „Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og er atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign“.
3. Stjórnarkjör
4. Önnur mál.

Að öðru leyti er vísað til upphaflegs fundarboðs frá 30. mars 2015.

F.h. stjórnar Afls sparisjóðs ses



Sigríður Hrólfsdóttir, stjórnarformaður

Greinargerð stjórnar Afls sparisjóðs ses. til fundar stofnfjáreigenda 17. apríl 2015, ásamt tillögum.

Hinn 26. mars 2015 samþykkti stjórn Afls sparisjóðs ses. ársreikning sjóðsins fyrir rekstrarárið 2014. Niðurstaða rekstrarreiknings árið 2014 sýnir tap að fjárhæð 189 milljónir króna. Munar þar mestu um aukna virðisrýrnun útlána sem fjórfaldast rúmlega frá árinu áður, og er metin á 454 milljónir króna í árslok 2014, á móti rúmum 104 milljónum króna í árslok 2013. Efnahagsreikningur við árslok 2014 sýnir eigið fé að fjárhæð 780 milljónir króna. Hefur ójafnað tap hækkað um tæpar 200 milljónir króna á milli ára. Við gerð ársreiknings 2014 var lagt í vinnu við ítarlega greiningu á lánasafni sjóðsins og var fenginn til þess utanaðkomandi sérfræðingur. Þessi vinna ásamt reglubundinni vinnu endurskoðenda sjóðsins og starfsmanna hans við ársuppgjör leiddi til framangreindrar niðurfærslu. Niðurfærsla þessi er fyrst og fremst til komin vegna útlána sem lánuð voru út fyrir hrúðið 2008.

Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins, reiknað samkvæmt lögum um fjármálastofnanir, er 7,28% hinn 31. desember 2014, en lögum samkvæmt má hlutfallið ekki vera lægra en 8%. Sparisjóðurinn skilaði í upphafi árs ICAAP skýrslu til FME, sem markaði upphaf að SREP ferli hjá FME og í framhaldi af því hefur sparisjóðnum borist niðurstaða frá FME þar sem gerð er krafa um 9,53% eiginfjárhlutfall. Að auki hefur FME með bréfi dagsettu 1. apríl 2015 vakið athygli á að stofnunin hafi til skoðunar að endurskoða mat sitt á eiginfjárbörf sparisjóðsins, væntanlega til hækkunar.

Stjórn Afll sparisjóðs, ásamt framkvæmdastjórn hans, hefur frá haustinu 2014 unnið að því að bæta rekstur hans, samþykkt nýja áhættustefnu, innleitt skýrari reglur og ferla, m.a. um verklag á vanskilum, og freistað þess að fá skuldir stærstu viðskiptamanna sjóðsins lækkaðar til að bæta eiginfjárgrunn hans. Stjórn hefur einnig leitað eftir samkomulagi við Arion banka hf., annars vegar um breytta skilmála á víkjandi láni hans til sjóðsins, aðallega til lengingar, en hins vegar um ágreining um lögmæti meintra erlendra lána. Ekki hefur náðst samkomulag við bankann um ágreiningsmál.

Stjórn Afll sparisjóðs barst bréf frá Arion banka þ. 10. apríl 2015 þar sem bankinn lýsir yfir vilja sínum til að koma sparisjóðnum til aðstoðar. Arion banki hyggst óska eftir heimild frá Samkeppniseftirlitinu til að fá að nýta atkvæðisrétt sinn í samræmi við eignarhlut og öðlast þannig yfirráð yfir sjóðnum í skilningi samkeppnisréttar. Í kjölfarið hyggst Arion banki selja hlut sinn í sparisjóðnum í opnu sölufirli. Arion banki leggur sem fyrr áherslu á að til staðar sé öflug fjármálaþjónusta í Fjallabyggð og Skagafirði.

Að beiðni Arion banka eru lagðar fram eftirfarandi tillögur fyrir fundinn:

1. Lagt er til að breytingar verði gerðar á 1.mgr 5.gr samþykktu sjóðsins þannig að síðari tveir málsliðir greinarinnar verði felldir brott og greinin verði svohljóðandi: „Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og er atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign“.
2. Stjórnarkjör

F.h. stjórnar Afll sparisjóðs ses



Sigríður Hrólfsdóttir, stjórnarformaður